

**Fundargerð 14. fundar  
Bæjarstjórnar  
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,  
8. maí 2019 , kl. 17:30.**

**Fundinn sátu:**

Einar Jón Pálsson, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Haraldur Helgason, Ólafur Þór Ólafsson, Laufey Erlendsdóttir, Fríða Stefánsdóttir, Magnús Sigfús Magnússon, Pálmi Steinar Guðmundsson, Daði Bergþórsson, Magnús Stefánsson og Bergný Jóna Sævarsdóttir.

**Fundargerð ritaði: Bergný Jóna Sævarsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.**

**1. Ársreikningur 2018 - 1903077**

Fyrri umræða.

Elísabet Þórarinsdóttir fjármálastjóri og Anna Birgitta Geirfinnsdóttir endurskoðandi hjá Deloitte sátu fundinn undir þessum dagskrárlið og fóru yfir drög að ársreikningi 2018.

*Til máls tóku: EJP, ABG, EP, ÓÞÓ og FS.*

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt samhljóða að vísa ársreikningi til síðari umræðu í bæjarstjórn.*

**2. Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar - 1901025**

Á 21. fundi bæjarráðs var fjallað um viðauka 4 vegna fjölskyldusviðs og á 22. fundi bæjarráðs var fjallað um viðauka 5 vegna tónlistarskólans í Sandgerði. Bæjarráð samþykkti að vísa báðum viðaukum til bæjarstjórnar til staðfestingar.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt samhljóða að staðfesta viðauka 4 og 5.*

**3. Vínbúð í Suðurnesjabæ - 1903013**

Erindi frá ÁTVR.

Á 22. fundi bæjarráðs var fjallað um erindi frá ÁTVR dags. 04.03.2019. Bæjarráð samþykkti að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja erindið.

*Afgreiðsla:*

*Með tilvísun í 10. gr. laga nr. 86/2011 samþykkir bæjarstjórn samhljóða að veita ÁTVR leyfi til rekstrar áfengisverslunar í Suðurnesjabæ.*

**4. Búseta fatlaðra með langvarandi stuðningsþarfir - 1901069**

Á 21. fundi bæjarráðs var samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja að húsnæði við Fagurhól verði keypt í samræmi við minnisblað.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt samhljóða að kaupa húsnæði við Fagurhól.*

**5. Vargveiði í Suðurnesjabæ. - 1904041**

Á 10. fundi framkvæmda-og skipulagsráðs var fjallað um tillögu að reglum um minka-og refaveiði. Ráðið samþykkti að leggja til við bæjarstjórn að reglurnar verði samþykktar.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt samhljóða að staðfesta reglur um minka-og refaveiði.*

**6. Bæjarráð - 21 - 1904004F**

Fundur dags. 10.04.2019.

*Til máls tóku: EJP og MSM.*

*Afgreiðsla:*

*Fundargerð lögð fram.*

*Sjötta mál í fundargerðinni: Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.*

**6.1 1903077 - Ársreikningur 2018**

*Afgreiðsla:*

Samþykkt að reglubundinn fundur bæjarráðs sem á að halda 24. apríl n.k færist yfir á þriðjudaginn 30. apríl kl. 15:00 og þá verði lagður fram ársreikningur 2018.

**6.2 1903085 - Samdráttur á Keflavíkurflugvelli vegna flugfélagsins WOW**

*Afgreiðsla:*

Umræða um málið.

**6.3 1901025 - Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar**

*Afgreiðsla:*

Viðauki samþykktur og vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

**6.4 1904005 - Tónlistarskóli Sandgerðis, aukið starfshlutfall**

*Afgreiðsla:*

Bæjarráð samþykkir erindi skólastjóra um aukið stöðuhlutfall frá hausti 2019 og felur bæjarstjóra að leggja fram viðauka við fjárhagsáætlun vegna málsins. Bæjarráð óskar eftir því að skólastjórar tónlistarskólanna í Suðurnesjabæ komi á fund bæjarráðs til að fara yfir stöðu og starfsemi skólanna.

**6.5 1901049 - Styrkir almennt - 2019**

*Afgreiðsla:*

Samþykkt að styrkja Taekwondoo deild Keflavíkur um kr. 100.000 í samræmi við tillögu Íþróttá-og tómsundaráðs. Bæjarstjóra falið að láta vinna samning við félagið og leggja fyrir bæjarráð.

Samþykkt að veita knattspyrnufélaginu Týndar stjórnur styrk að fjárhæð kr. 40.000.

- 6.6 1806174 - Heiðarland norður: ýmis gögn og samskipti varðandi stofnun á óskiptu heiðarlandi

Afgreiðsla:

Samþykkt að veita sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs heimild til að endurnýja kaupþilboð til eigenda hluta í Heiðarlandi norður samkvæmt tillögu sviðsstjóra í minnisblaði.

- 6.7 1903072 - Landamál - Sandgerðisjörð, eignarhald

Afgreiðsla:

Bæjarráð telur rétt að málið verði unnið skv. tillögu A í minnisblaði frá sviðsstjóra.

- 6.8 1901013 - Leikskólamál

Afgreiðsla:

Bæjarráð samþykkir að unnið verði eftir þeim tillögum sem fram koma í minnisblaði sviðsstjóra fjölskyldusviðs. Í því felst að inntökualdur barna í leikskólana Gefnarborg og Sólborg verði samræmdur í 18 mánaða frá og með ágúst 2019 og mótaðar verði nýjar og samræmdar innritunarreglur fyrir leikskóla í Suðurnesjabæ þar sem m.a. verði ákvæði um aðgengi að leikskólum milli hverfa. Þá verði lögð áhersla á að leita leiða til að efla dagforeldraþjónustu í Suðurnesjabæ og horft til þess að húsnæðið Skerjaborg að Stafnesvegi 15 verði nýtt fyrir slíka starfsemi. Bæjarráð telur rétt að byggður verði nýr leikskóli sem komi í stað leikskólans Sólborgar og svari þörf eftir leikskólaþjónustu í Suðurnesjabæ. Bæjarráð felur bæjarstjóra ásamt sviðsstjóra fjölskyldusviðs og sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að hefja undirbúning málsins með það að markmiði að hægt verði að taka ákvörðun um framkvæmdir við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2020. Jafnframt telur bæjarráð nauðsynlegt að veitt verði fjármagni til hönnunar og undirbúnings framkvæmdarinnar og felur bæjarstjóra að vinna tillögu þess efnis fyrir næsta fund bæjarráðs.

- 6.9 1901069 - Búseta fatlaðra með langvarandi stuðningsþarfir

Afgreiðsla:

a) Minnisblaðið lagt fram.

b) Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að húsnæði við Fagurhól verði keypt í samræmi við minnisblað.

- 6.10 1904016 - Starfsmannamál - Heiðarholt

Afgreiðsla:

Samþykkt að vinna úr málinu samkvæmt minnisblaði og umræðu bæjarráðs.

- 6.11 1904019 - Fjölskyldusvið veikindi starfsmanna

Afgreiðsla:

Lagt fram.

6.12 1904010 - Fjölbrautaskóli Suðurnesja - stækkun

Afgreiðsla:

Bæjarráð lýsir ánægju með að gengið hafi verið frá samningi um framkvæmdina. Bæjarstjóra falið að leggja fram viðauka við fjárhagsáætlun vegna hlutdeildar Suðurnesjabæjar í framkvæmdakostnaði.

6.13 1902008 - Sýslumaðurinn á Suðurnesjum umsókn um tækifærisleyfi - ósk um umsögn

Afgreiðsla:

Bæjarráð gerir ekki athugasemd um að umbeðið leyfi verði veitt.

6.14 1810120 - Framkvæmdasjóður ferðamannastaða - Skagagarðurinn

Afgreiðsla:

Lagt fram.

Bæjarráð lýsir yfir vonbrigðum yfir því að ekki hafi verið hægt að styrkja uppbyggingu Skagagarðsins og umhverfis hans. Verkefnið er eitt af þeim verkefnum sem eru til þess fallin að fjölga sumarstörfum fyrir námsmenn sem sannanlega er þörf á nú í sumar. Því beinir bæjarráð því til ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunarmála að taka til skoðunar og finna leiðir til þess að sveitarfélagið fái þann styrk vegna verkefnisins sem óskað var eftir.

6.15 1904011 - Brunavarnir Suðurnesja - samningur um uppgjör lífeyrisskuldbindinga

Afgreiðsla:

Samþykkt að staðfesta samninginn og bæjarstjóra er falið að undirrita samninginn fyrir hönd Suðurnesjabæjar.

6.16 1904015 - Lífskjarasamningar 2019-2022

Afgreiðsla:

Lagt fram.

6.17 1806379 - Miðnesheiði uppbygging og atvinnuþróun - Aerotropolis

Afgreiðsla:

Lagt fram og bæjarstjóra falið að vinna málið áfram í samstarfi við aðila máls.

**7. Bæjarráð - 22 - 1904007F**

Fundur dags. 30.04.2019.

*Til máls tóku: MSM, EJP, PSG, MS, ÓPÓ og DB.*

*Afgreiðsla:*

*Fundargerð lögð fram.*

7.1 1903077 - Ársreikningur 2018

Afgreiðsla:

Drög að ársreikningi til umræðu. Samþykkt að vísa ársreikningi til fyrri umræðu í bæjarstjórn

7.2 1901025 - Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar

Afgreiðsla:

Viðauki samþykktur og vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.

7.3 1807035 - Aðalskipulag sameinaðs sveitarfélags: Endurskoðun

Afgreiðsla:

Bæjarráð samþykkir drög að samkeppnislýsingu með ábendingum sem fram hafa komið. Samþykkt að fulltrúar bæjarstjórnar í dómnefnd verði Einar Jón Pálsson, formaður dómnefndar, Fríða Stefánsdóttir og Pálmi Steinar Guðmundsson. Fagaðilar í dómnefnd eru Haraldur Sigurðsson, skipulagsfræðingur, Anna María Bogadóttir, arkitekt og menningarfræðingur og Páll Jakob Líndal, doktor í umhverfissálfræði og skipulagsráðgjafi. Þannig verði fulltrúum í dómnefnd fjölgað úr fimm aðilum í sex.

7.4 1904023 - Póstnúmer Suðurnesjabæjar

Afgreiðsla:

Samþykkt að leitað verði eftir því að pósthúsnúmer sem tilheyra Sandgerði og Garði annars vegar og atvinnusvæði í Suðurnesjabæ við Keflavíkurflugvöll hins vegar verði undir nafni Suðurnesjabæjar.

7.5 1806379 - Þróun lands í nágrenni Keflavíkurflugvallar

Afgreiðsla:

Lagt fram og bæjarstjóra falið að vinna áfram að málinu.

7.6 1806442 - Sorpeyðingarstöð Suðurnesja og Sorpa staða á sameiningarhugmyndum

Afgreiðsla:

Lagt fram og bæjarstjóra falið að vinna að kynningarfundum um skýrsluna.

7.7 1904070 - Aðalfundur Kólku sorpeyðingarstöðvar - fundarboð

Afgreiðsla:

Lagt fram.

7.8 1809079 - Gerðaskóli - húsnæðismál

Afgreiðsla:

Minnisblað lagt fram og samþykkt að stýrihópurinn vinni málið áfram.

7.9 1902089 - Vinnuskólinn 2019

Afgreiðsla:

Framlögð launatafla fyrir vinnuskóla 2019 samþykkt.

7.10 1903013 - Vínbúð í Suðurnesjabæ

Afgreiðsla:

Samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja erindið.

7.11 1902075 - Lög og reglugerðir til umsagnar

Afgreiðsla:

Lagt fram.

7.12 1904061 - Ósk um Leyfi fyrir Hjólreiðakeppni

Afgreiðsla:

Lagt fram.

7.13 1901049 - Styrkir almennt - 2019

Afgreiðsla:

Meirihluti bæjarráðs, D-lista og J-lista, samþykkir að styrkja verkefnið til að ýta Vertíðarlokum úr vör. Fulltrúi H-lista situr hjá. Bæjarstjóra falið að gera samning við Knattspyrnudeild Knattspyrnufélagsins Reyni.

7.14 1904080 - Heimsókn Halfdan Svartes Guttekor frá Noregi

Afgreiðsla:

Samþykkt að standa fyrir móttöku kórsins í samráði við Söngsveitina Víkingana og Norrænafélagið í Suðurnesjabæ. Bæjarstjóra og formanni bæjarráðs falið samstarf við aðila máls um útfærslu á móttöku.

7.15 1810120 - Framkvæmdasjóður ferðamannastaða - Skagagarðurinn

Afgreiðsla:

Lagt fram.

7.16 1904010 - Fjölbrautaskóli Suðurnesja - stækkun

Afgreiðsla:

Bæjarráð staðfestir samninginn.

## **8. Framkvæmda- og skipulagsráð - 10 - 1904012F**

Fundur dags. 16.04.2019.

*Til máls tóku: PSG og EJP.*

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

8.1 1807035 - Aðalskipulag sameinaðs sveitarfélags: Endurskoðun

Ráðið samþykkir fyrirbyggjandi drög og vísar þeim til lokayfirferðar hjá dómnefnd. Jafnframt er lagt til að bæjarráð/bæjarstjórn skipi dómnefnd í samræmi við fyrirbyggjandi gögn.

8.2 1806454 - Íbúðasvæði sunnan Sandgerðisvegar: Tillaga að deiliskipulagi 2018

Ráðið leggur til að endanleg útfærsla deiliskipulagsins verði samkvæmt tillögu c.

- 8.3 1903027 - Skálareykjavegur 12 - stækkun lóðar  
Samþykkt að fela skipulagsfulltrúa að heimila stækkun lóðar með þeirri kvöð að lóðarstækkun verði girt af eða mótuð með jarðvegsmön.
- 8.4 1904054 - Iðngarðar 19 - umsókn um lóð  
Samþykkt
- 8.5 1904034 - Vatnsveita í Hvalsneshverfi  
Ráðið felur skipulagsfulltrúa að gera tillögu að samkomulagi milli sveitarfélagsins og Hvalsnessóknar um að taka yfir vatnsveitumál svæðisins.
- 8.6 1904017 - Vallargata 17 - umsókn um byggingarleyfi - viðbygging  
Samþykkt. Byggingarfulltrúa falið að gefa út byggingarleyfi vegna framkvæmdanna.
- 8.7 1903079 - Norðurgata 24 - bygging bílgeymslu - fyrirspurn  
Ráðið tekur jákvætt í erindið. Skipulagsfulltrúa falið að grendarkynna málið.
- 8.8 1903061 - Strandgata 8 - umsókn um stöðuleyfi  
Samþykkt að heimila skipulagsfulltrúa að veita stöðuleyfi til eins árs.
- 8.9 1904040 - Umhverfisdagur í Suðurnesjabæ  
Umhverfisfulltrúa falið að útfæra tillögu í samræmi við umræður á fundinum.
- 8.10 1903086 - Aðgerðaráætlun gegn hávaða - drög - ósk um umsögn  
Ráðir gerir ekki athugasemdir við fyrirliggjandi drög og lýsir yfir ánægju með þær aðgerðir sem þar eru kynntar.
- 8.11 1904041 - Vargveiði í Suðurnesjabæ  
Ráðið leggur til við bæjarstjórn að reglurnar verði samþykktar.
- 8.12 1902074 - Suðurnesjabær - Framkvæmdir 2019  
Lagt fram til kynningar.
- 8.13 1903072 - Landamál - Sandgerðisjörð, eignarhald  
Lagt fram til kynningar.
- 8.14 1903050 - Landsskipulagsstefna
- 8.15 1809116 - Persónuverndarstefna Suðurnesjabæjar  
Lagt fram til kynningar.

## 9. Ferða-, safna- og menningarráð - 7 - 1904013F

Fundur dags. 15.04.2019.

Til máls tóku: EJP, MSM og FS.

Afgreiðsla:

Fundargerðin lögð fram.

9.1 1807079 - Ferða- safna- og menningarráð: starfsáætlun 2018-2022

Afgreiðsla:

Áætlað er að íbúafundur um skipulag hátíða í Suðurnesjabæ verði haldinn í Vörðunni 21. maí kl. 20.00. Formanni falið að undirbúa fundinn.

9.2 1903076 - Sandgerðisdagar 2019

Afgreiðsla:

Umræða um fyrirkomulag Sandgerðisdaga. Ráðið myndi vilja sjá fyrirkomulag Sandgerðisdaga verða með sama hætti og Sólseturshátíðar þar sem félagasamtök tengd Suðurnesjabæ sjá um framkvæmdina.

9.3 1902082 - Sólseturshátíð 2019

Afgreiðsla:

Ráðið þakkar fulltrúum Víðis, Evu Rut og Einari Karli, fyrir góða kynningu á dagskrá Sólseturshátíðarinnar.

**10. Fræðsluráð - 7 - 1904011F**

Fundur dags. 16.04.2019.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

10.1 1904037 - Inntökureglur leikskóla - Suðurnesjabær

Afgreiðsla:

Farið var yfir drög að innritunarreglum.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar fræðsluráðs.

Fræðslufulltrúa er falið að senda drögin til umsagnar hjá stjórnendum leikskóla.

10.2 1902075 - Lög og reglugerðir til umsagnar

Afgreiðsla:

Fræðsluráð gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

**11. Fjölskyldu- og velferðarráð fundargerðir 2019 - 1901110**

8. fundur dags. 11.04.2019.

*Til máls tók: EJP.*

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

*Fyrsta mál í fundargerðinni: Samþykkt samhljóða að staðfesta samþykkt ráðsins.*

**12. Samband íslenskra sveitarfélaga fundargerðir 2019 - 1901109**

870. fundur stjórnar dags. 11.04.2019.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

**13. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum fundargerðir 2019 - 1902057**



14. fundur Bæjarstjórnar  
09.05.2019

743. fundur stjórnar dags. 17.04.2019.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

**14. Reykjanes jarðvangur fundargerðir 2019 - 1902041**

Fundargerð 51. fundar stjórnar dags. 11.04.2019.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

**15. Sorpeyðingarstöð Suðurnesja fundargerðir 2019 - 1901063**

502. fundur stjórnar dags. 23.04.2019.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

**16. Brunavarnir Suðurnesja fundargerðir 2019 - 1902009**

a) 38. fundur stjórnar dags. 13.02.2019.

b) 39. fundur stjórnar dags. 11.04.2019.

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðirnar lagðar fram.*

**17. Almannavarnarnefnd Suðurnesja - fundargerðir - 1905009**

Fundur dags. 10.04.2019.

*Til máls tók: PSG, EJP og MS.*

*Afgreiðsla:*

*Fundargerðin lögð fram.*

Fundi slitið kl. 18:50.

---

Einar Jón Pálsson

---

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

---

Haraldur Helgason

---

Ólafur Þór Ólafsson

---

Laufey Erlendsdóttir

---

Fríða Stefánsdóttir

---

Magnús Sigfús Magnússon

---

Pálmi Steinar Guðmundsson

---

Daði Bergþórsson

---

Magnús Stefánsson

---